

Fordæmisgildi ákvörðunar um áheyrnarfulltrúa í borgarráði

Fyrir liggur samkvæmt umsögn skrifstofu borgarstjórnar að samþykkt beiðni um tilnefningu áheyrnarfulltrúa er heimil en ekki skylda samkvæmt gildandi lögum. Ákvörðunin hefur því ekki aðeins áhrif í þessu einstaka máli heldur getur hún skapað fordæmi um framkvæmd sambærilegra mála í framtíðinni.

Í því samhengi er mikilvægt að fá skýr svör við eftirfarandi spurningum:

- Mun sama heimild standa öllum borgarfulltrúum til boða sem segja sig úr flokkum síðar á kjörtímabilinu?
- Mun sama heimild standa öllum borgarfulltrúum til boða sem segja sig úr flokkum á komandi kjörtímabili?
- Er með þessari ákvörðun verið að víkja frá þeirri meginreglu að réttur til áheyrnarfulltrúa tilheyri framboðslistum en ekki einstaklingum?
- Á hvaða lagalega eða málefnalega grundvelli er slík fráviksheimild byggð?
- Hvernig verður tryggt jafnræði milli aðila í sambærilegri stöðu í framtíðinni?
- Hvaða áhrif hefur ákvörðunin á lýðræðislegt umboð kjósenda sem kusu tiltekna framboðslista?
- Getur þessi ákvörðun skapað hvata til þess að borgarfulltrúar yfirgefi flokka sína á kjörtímabilinu?
- Hvar liggja mörk slíkra undanþága og hvernig verður komið í veg fyrir ófyrirsjáanlega þróun í framkvæmd reglna?
- Hefur borgarráð áður tekið sambærilega ákvörðun og ef svo er, hvernig var hún rökstudd?
- Er hætta á að ákvörðunin sæti kærú eða endurskoðun á grundvelli jafnræðis eða lögmætis?
- Hver er staða varaborgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar í þessu samhengi, telst hann áfram til þess framboðslista sem hann var kjörinn af, eða starfar hann jafnframt sem hluti af nýjum borgarstjórnarflokki óháðra, og hvaða þýðingu hefur það fyrir mat á réttindum til áheyrnarfulltrúa?

Mikilvægt er að afstaða borgarráðs taki mið af heildaráhrifum ákvörðunarinnar til framtíðar, ekki einungis af atvikum þessa einstaka máls.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska þess skrifstofa borgarstjórnar svari ofangreindum spurningum áður en málið er tekið fyrir og afgreitt á vettvangi borgarráðs.